


VALGREINAR Í
STÓRU-VOGASKÓLA

Skólaárið 2024-2025



NÁMSRÁÐGJAFAVAL LOTA 2 OG 3



Skylduval í 10. bekk.

Nemendur gera áhugasviðskönnun, ferilskrá og setja sér námstengd, persónuleg markmið. Nemendur velta fyrir sér næsta skrefi á sínum námsferli. Mismunandi námsleiðir verða skoðaðar og innritunarferli í framhaldskóla kynnt. Einnig verður farið stuttlega í fjármálafræðslu. Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.



KAJAK

LOTA 1/2 OG LOTA 3/4

Kajak val er tveggja lotu val því stundum þarf að fella niður tíma vegna veðurs. Þegar veður er gott gæti tíminn dregist aðeins.

Í kajakróðri verða fjörur Vogavíkur og nánasta umhverfi skoðað. Í upphafi er farið yfir helstu öryggisatriði og áratök kennd. Farið er yfir nauðsynlegan búnað og meðferð hans, hverju þarf að huga að fyrir hverja ferð. Í kajakróðrum verða alltaf tveir kennarar sem sótt hafa tilskilin öryggisnámskeið. Ítrustu varkárni er gætt. Öryggisins vegna er nauðsynlegt að þeir nemendur sem eru í kajak hafi náð sundstigi síns bekkjar og stundi sundtíma. Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

KVIKMYNDAVAL LOTA 1 OG 2



Frábært val fyrir kvikmyndaáhugafólk. Horft verður á fjölbreytt úrval kvikmynda í þemum. Nemendur ígrunda, ræða og vinna ýmis verkefni unnin í tengslum við kvikmyndirnar. Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.



PÚSL OG NÆRVERA

LOTA 1 OG 4

Markmið er að nemendur kynnist því að púsla stór púsl, læri þessa tækni til að ná hugarró, efli þolinmæði og þrautsegju. Kennslutilhögun: Nemendur velja sér púsl og púsla í rólegheitum og í góðum félagsskap annarra nemenda og kennara.



Erasmus+

HEILSÁRSVAL

Einungis fyrir 9. og 10. bekk

Í Erasmus+ er unnið að samstarfsverkefni milli nemenda í Frakklandi, Ítalíu og Íslandi sem tengist umhverfismálum í nærsamfélaginu. Nemendur fá til sín gesti sem munu búa hjá þeim vikulangt og svo munu nemendur fara og búa hjá sömu nemendum í Frakklandi eða á Ítalíu í viku. Allar ferðir eru nemendum að kostnaðarlausu. Ýmis verkefni eru unnin ásamt fræðslu um Erasmus+ og lífið í þessum löndum. Gerðar eru talsverðar kröfur til nemenda sem velja þetta val og valið er inn í það eftir inntökuskilyrðum.

SPILASTUND LOTA 1 OG 3

Í þessu vali kynnst nemendur ýmsum spilum sem spiluð eru í smærri og stærri hópum, skák sem er góð þjálfun í einbeitingu og rökhugsun sem og ýmsum spilum sem spiluð eru á spilastokk. Nemendur kynnst spilunum og reglum sem fylgja hverju spili fyrir sig. Nemendur munu einnig fara og spila við eldri borgara í Álfagerði þar sem eldri kenna þeim yngri og öfugt. Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og framkomu.



STOÐTÍMI ALLAR LOTUR

Á þriðjudags og miðvikudagsmorgnum kl. 8:00–8:40 verður boðið upp á stoðtíma sem valgrein. Þar fá nemendur auka aðstoð við heimanám eða aðra þætti námsins sem þeir þurfa aðstoð með. Þetta er einnig tækifæri fyrir þá sem vilja læra í skólanum og nýta tímann heima til annarra stunda.





FRÍSTUND ALLAR LOTUR

Í Frístundarvali vinna nemendur með yngri nemendum undir leiðsögn starfsmanna í frístund. Þeir hjálpa til í daglegu starfi, aðstoða í leikjum og verkefnum Frístundar. Frístundavalið getur farið fram hvenær sem er í vikunni og er það ákveðið í samráði við aðstoðarskólastjóra eftir hentugleika nemnda. Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og framkomu.



STÓRU-VOGASKÓLI

AÐSTOÐ Í KENNSLU ALLAR LOTUR

Í aðstoð í kennslu fara nemendur inn í yngri bekki og eru kennurum til aðstoðar. Þannig kynnast þeir fjölbreyttu starfi Stóru-Vogaskóla og fá innsýn í þau störf sem þar eru. Nemendur aðstoði yngri nemendur í kennslustund, t.d. í lestrarþjálfun eða öðrum greinum. Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

VAL UTAN SKÓLA ALLAR LOTUR




Nemendur sem stunda íþróttaiðkun, eru í tónlistarnámi, fjarnámi eða stunda aðrar skipulagðar tómstundir geta fengið það metið sem valgrein. Nemendur fá umsóknareyðublað hjá aðstoðarskólastjóra þar sem foreldrar og þjálfari/kennari staðfestir að nemandinn sé að sinna þessum tómstundum.

FJARNÁM Í VIÐ FJÖLBRAUTARSKÓLANN ÁRMÚLA LOTA 1/2 OG LOTA 3/4

Einungis fyrir nemendur 10. bekkjar.

Nemendum á elsta ári grunnskóla býðst að stunda nám við Fjölbrotarskólann í Ármúla í fjarnámi. Þetta gefur nemendum m.a. færi á að ljúka framhaldsskóla á skemmri tíma en almennt gengur. Mikilvægt er að nemendur hafi lokið eða séu langt komin með námsefni 10. bekkjar. Námið er nemendum að kostnaðarlausu en því er alfarið sinnt í fjarnámi heimavið.





FATASAUMUR ALLAR LOTUR

Nemendur saumi fatnað að eigin vali, joggingbuxur, náttbuxur, peysu eða barnaföt. Farið verður í hvernig snið eru notuð og nemendur læra að leggja snið á efni. Nemendur velja efnin og vinna flíkina frá grunni, sem þeir hanna og vinna að. Skipuleggja vinnuferli, gera skissu og útfæra sína hugmynd í fullunnið verk. Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.



ALLAR LOTUR

Valið er hugsað fyrir þá sem vilja taka þátt í Skólahreystikeppni grunnskólanna. Æfðar verða sérstaklega þær greinar sem keppt er í. Þeir sem skrá sig í þennan áfanga munu hugsanlega keppa fyrir skólans hönd þegar þar að kemur. Nemendur þurfa að hafa lokið 7. stigi í sundi. Námsmat byggir á ástundun, virkni í tímum og framkomu.



LOTA 1

Nemendur og kennari útbúa verkáætlun í sameiningu þar sem viðfangsefnið er „Tasty“, réttir sem eldaðir eru eftir myndböndum sem finna má á [tasty.com](https://www.tasty.com) og oft má sjá bregða fyrir á samfélagsmiðlum. Námsmat byggist á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.

A watercolor illustration of a landscape. On the left, a tree with pink and orange blossoms stands on a grassy bank. In the foreground, there are patches of green and yellow grass. A blue body of water, possibly a lake or river, flows through the middle ground. The background shows rolling green hills under a light sky. The overall style is soft and artistic.

VATNSLITUN

LOTA 1

Farið verður yfir helstu grunnatriði sem tengjast vatnslitum. Það verður farið ýtarlega í mismunandi efni eins og pappír, pensla og liti til að ná góðri stjórn á vatnslitamálun. Fjölbreyttar tilraunir verða gerðar í samvinnu við kennara og áhersla líka lögð á tilraunagleði. Það verður farið í allt frá einföldum myndum með fáum litum yfir í flóknari myndir þar sem nemandinn mun vinna með mismunandi áferðir til að fullklára myndirnar sínar. Metið er hvernig nemandinn fylgir fyrirmælum, áhuga og vinnusemi, umgegni um efni og áhöld, skapandi og hugmyndaþróun og verkefnaskil.

Nalene Mafrika

JÓGA

LOTA 1 OG 3



Í jóga verður farið í helstu stöður og teygjur í jóga en aðaláherslan er á núvitund, slökun og hugleiðslu. Markmiðið verður að nemandi læri að kyrra hugann og ná betri einbeitingu með hugleiðslu og slökun. Farið er í æfingar þar sem líkaminn er liðkaður, síðan farið í slökun og hugleiðslu. Mikil áhersla lögð á öndunaræfingar og núvitund. Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.



HÖNNUN OG SMÍÐI

ALLAR LOTUR

Nemendur velja sér sjálfir
viðfangsefni, sem þeir hanna og
vinna að um veturinn.

Námsmat byggir á mætingu,
frammistöðu og virkni í tímum.

KÖKUR OG KONFEKT

LOTA 2

Nemendur fá að kynna mismunandi aðferðum við að búa til konfekt og skreyta fallegar kökur. Bakaðar verða kökur af ýmsum stærðum og gerðum. Þúar verða til nokkrar tegundir af konfekt. Farið verður í kökurskreytingar með ýmsum hætti. Nemendur fá að kynna ýmsum tólum og tækjum ásamt fjölbreyttum aðferðum við að búa til konfekt og að skreyta kökur. Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.





Junk Journal January
#1 Resolutions

FÖNDUR LOTA 2 OG 4

Val þar sem sköpunargáfa nemenda fær að njóta sín. Verkefni eru valin í samráði við kennara og eru einstaklingsmiðuð. Nemendur velja verkefni á Pinterest eða út frá eigin hugmyndum.

ÖMMUBAKSTUR

LOTA 2

Markmið áfangans er að nemendur læri og kynnist aðferðum og uppskriftum sem ömmur okkar bökuðu. Allskonar góðgæti sem var á flestum veisluborðum eins og t.d. brauð, kökur, kleinur og fleira. Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.



SPÆNSKA

LOTA 2



Í Spænsku vali, fær nemandi tækifæri til að upplifa spænskuna eins og hún er notuð í daglegu lífi. Helstu viðfangsefni eru að nemandi læri um Spánn og borgir Spánar. Kunni að segja frá hvert maður ætlar og hverning, segja frá hvað eitthvað er, spyrja til vegar. Geti tjáð sig lítillega á spænsku, lesið stutta texta án þess að skilja öll orð nákvæmlega, myndað einfaldar setningar, heilsað, kynnt sig og þakkað fyrir sig með viðeigandi orðalagi. Metið er hvernig nemandinn fylgir fyrirmælum, áhuga, vinnusemi og verkefnaskil.

LÍKAMSRÆKT

LOTA 2 OG 4

Farið verður yfir æfingaplön, næringu og tækni.

Valið miðast við að viðkomandi læri að æfa líkamsrækt af ábyrgð og skynsemi. Farið verður í gegnum æfingaplön sem sannað hafa gildi sitt og nemendum leiðbeint miðað við hvaða áherslur þeir vilja. Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og framkomu.



BÓKAKLÚBBUR

LOTA 3

Markmið valgreinarinnar er að nemendur geti notið lesturs áhugaverðra bókmennta, rætt um þær metið og túlkað. Tjáð hugsanir sínar og hugmyndir á skipulagðan og skýran hátt. Nemendur lesa saman og ræða. Þetta er kjörin valgrein fyrir lestrarhesta og fyrir nemendur sem hafa gaman að spjalla og spekúlera.





PÍLA OG BORÐTENNIS

LOTA 3

Farið yfir reglur og leiki í pílu. Pílu fimi æfð og farið í pílukeppnir. Nemendur spila svo borðtennis inn á milli. Námsmat: Ástundun og virkni.

SMÁRÉTTIR LOTA 3

Nemendur læra að elda ýmsa smárétti sem auðvelt er að galdra fram með stuttum fyrirvara. Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.



LEIRMÓTUN

LOTA 4



Í þessu vali er farið í undirstöðuatriði leirmótunar þar sem unnið er með form, mynsturgerð, glerunga og brennslur. Helstu viðfangsefni eru ýmist tvívíð og þrívíð verkefni. Ítarleg þróunarvinna og tilraunir, s.s. skissuvinna. Unnið verður með ýmsum aðferðum. Námsmat byggir á mætingu, umgengni, frammistöðu og framkomu.

SPILAVINIR

LOTA 4



Í þessu vali kynnst nemendur ýmiskonar borðspilum sem spiluð eru í smærri og stærri hópum sem og ýmsum spilum sem spiluð eru á spilastokk. Nemendur kynnst spilunum og reglum sem fylgja hverju spili fyrir sig. Námsmat byggir á mætingu, frammistöðu og framkomu.



ÍTALSKIR RÉTTIR

LOTA 4

Markmið áfangans er að efla áhuga á ítalskri matargerð. Við kynnumst því helsta úr ítalskri matargerð. Við munum elda saman vinsæla rétti og fræðast um uppruna þeirra. Við munum elda saman pasta, pizzu og ýmsa aðra girnilega rétti. Námsmat byggist á mætingu, frammistöðu og virkni í tímum.